

# Æviminningar afa míns, Jóns Helgasonar prentsmiðjustjóra og útgefanda

Jón Helgason afi minn var fæddur að Grundarstekk í Beruneshreppi 24. maí 1877. Hann var tvíburi en „félagi“ hans eins og hann orðaði það sjálfur dó strax. Foreldra hans voru Helgi Gunnlaugsson, bóndi í Flögu í Breiðdal, og Sigríður Gísladóttir frá Krossgerði á Berufjarðarströnd.

Faðir Jóns átti mörg systkini, þeirra á meðal Einar Gunnlaugsson, en hann var faðir Stefáns prófessors. Þeim Jóni og Stefáni var vel til vana og unnu saman að því þrekvirki að koma saman og gefa út það merka rit Breiðdælu.

Afi minn átti tíu systkini, en fimm þeirra dóu ung. Þrjú systkinanna settust að erlendis, þar af tvö sem fóru til Ameríku með öðrum Vesturförum, en einn bróðirinn gerðist bakari og settist að í Sogndal í Noregi.

Ég var skírð í höfuðið á eiginkonu afa míns. Amma mín hét Anna Kristín Sigurðardóttir, en faðir hennar var bóndi og hreppsstjóri í Krossgerði.

Þegar afi minn var um sjötugt lauk hann við að handskrifa ævisögu sína. Sonur hans og faðir minn, Brynjúlfur Jónsson, vélritaði handritið og gekk frá því á aðgengilegan hátt. Þar segir Jón meðal annars frá æsku sinni og uppvexti í Breiðdal, segir sögur af mörgu fólki sem hann kynntist og rekur daga gleði og sorgar.

Frásögn Jóns í endurminningum hans gefur ljósa mynd af erfiðu lífi fátæklinga hér á landi á níttjándu öldinni og reyndar langt fram á þá tuttugustu. Sem nýfætt barn var hann niðursetningur sem kallað var, þar sem foreldrar hans gátu ekki séð um hann. Þau hættu búskap árið 1882 og bjuggu eftir það lengst af á bóndabæ í Fagradal.

Gefum afa mínum orðið:

*Foreldrar mínir voru fátæk og um það leyti, sem ég fæddist, missti móðir mín heilsuna. Ég fluttist víst frá þeim snemma á árinu 1878 að Núpi til Bjarna Þórðarsonar og konu hans Málfríðar, sem þar bjuggu. Þar mun ég hafa dvalið til haustsins 1879. Þá var ég fluttur sveitarflutningi upp í Breiðdal, því þar átti faðir minn sveit. Þá bjuggu á Brekkuborg hjónin Sighvatur Bessason og Guðrún Jónsdóttir. Hjá þeim var mér holað niður. Sigríður, dóttir Bjarna, flutti mig innvaðinn í yfirsæng upp að Brekkuborg og var Þórður bróðir hennar með henni. Snemma byrjaði flakkið! Guð leiddi mig inn á þetta góða heimili, þar sem hjónin voru mér sem beztu foreldrar og börnin, sem beztu*

systkini. Rósa dóttir þeirra, sem þá mun hafa verið nýfermd, tók mig strax að sér og sá um mig að öllu leyti og lét mig sofa fyrir ofan sig. Mér gat því ekki liðið betur en mér leið.

Ég var á sveitinni eins og kallað var. Líklega hef ég verið 7-8 ára, þegar sveitungar mínir fóru að stinga saman nefjum um, að ófært væri að hafa „strákinn“ lengur á Brekkuborg, hann lifði þar í svo miklu dálæti, að aldrei yrði maður úr honum. Svo mun það hafa verið vorið 1886, að mamma (en svo kallar hann fósturu sína) sagði mér, að nú ætti að halda „hreppamótið“ á Heydölum, og þá ætti að bjóða í mig, lækka meðlagið, því þeir ætluðu að fara að láta mig vinna og gera mann úr mér. Ég varð mjög sorgbitinn, þegar ég heyrði þetta, því að skilja við fósturforeldra mína gat ég ekki hugsað til. Svo kom uppboðsdagurinn, þegar bjóða átti í veslings munaðarlausu niðursetningana. Mamma fór á hreppamótið. Ég trúði henni fyrir því þegar ég kvaddi hana með tárbotum augum, að ég færi aldrei frá henni. Þegar hún svo kom á hreppamótið, voru þeir eitthvað að bjóða í mig. Þá stóð mamma upp og sagði: „Þegar Nonni litli var fluttur hingað á sveitina tveggja og hálfis árs gamall, þá bauðst enginn ykkar til að taka hann, en nú, þegar þið haldið að hann geti farið að vinna hjá ykkur, þá viljið þið fá hann. En hann má vera hjá okkur án alls meðlags á meðan hann vill.“ Þá varð steinhljóð, og víst tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Eftir að Jón var fermdur árið 1891 var hann í vist á ýmsum bæjum og líka uppi á Héraði. Fjórum árum síðar árið 1895, var hann vinnumaður á bænum Vaði og lenti þá í miklum hrakningum sem hann lýsir sem hér segir:

*Björn (bóndinn á Vaði) var vinnuharður, og var ég oft þreyttur á Vaði, en það bætti nokkuð úr, að viðurværi var gott. Um túnsláttinn voru víst ekki meira en 4 klukkustundir á sólarhring sem sofið var. Man ég að þá hnaut ég oft fram á ljáinn þegar ég var að brýna.*

*Um haustið, í október, sendi Björn mig til Reyðarfjarðar að sækja þangað aflu á einn hest. Var ég gangandi og teymdi hestinn, var það rauður hestur að lit og hinn traustasti.*

*Ég kom við í Eyrarteigi og spurði til vegar. Spurði þá bóndi hvort Björn ætti ekki barometer. Ég kvað svo vera. Sagði þá bóndi eitthvað á þessa leið: Ég hefði ekki sent 17 ára dreng niður á Reyðarfjörð í þessu veðurútliti. Ekki gaf ég þessu frekari gaum, því veður var gott. Ferðin gekk vel til Reyðarfjarðar og fékk ég fisk á hestinn, lúðurikling og harðfisk, og var þar um nóttina.*

*En um morguninn var komið snjóveður en hægviðri. Þegar inn á Eyrarnar kom dimmdi að með þoku. Var ég þá óviss um að ég rataði að Áreyjum, svo ég tók það ráð að ég batt tauminn upp á Rauð og rak hann á undan mér í þeirri von, að hann rataði betur en ég – og Rauður skilaði okkur heim að Áreyjum. Þar beið ég eftir kaffi og á meðan birti alveg upp.*

*Jóhann bóndi (í Áreyjum) lét vinnumann sinn fylgja mér og lagði ríkt á við hann að fylgja mér upp fyrir svokallað Yxnagil, því að ef gott yrði yfir það að fara, þá mundi heiðin fær. Sú slysi vildi okkur til, er við fórum yfir Áreyjarána niðrundan bænum, að ísinn brast og Rauður fór á sund. Fórum við heim að Áreyjum aftur og var Rauður látinn inn í fjós til þess að honum hlýnaði og þornaði, svo klukkan var þrjú þegar við komumst af stað. Var þá farið að bregða birtu.*

Þegar við komum nokkuð inn í Áreyjardalinn sagði fylgdarmaðurinn mér, að óþarfi væri að hann fylgdi mér lengra, því sýnilegt væri, að lítill snjór væri þar efra. Ég tók þetta trúanlegt og kvaddi fylgdarmann minn og hélt áfram einn míns liðs.

En raunin varð allt önnur. Þegar upp að Yxnagili kom, var gilið fullt af hálf samanbörðum snjó, ekki þó svo að hann héldi hestinum, og hélst það yfir alla heiðina. Er það oft í norðaustan átt, að gott veður er niðri í Fjörðum og snjóarlítið, þó versta veður sé uppi á Héraði með fannkomu. Þetta vissi Jóhann í Áreyjum og þess vegna bauð hann vinnumanni sínum að fylgja mér upp á heiðina.

Ég tók af Rauð baggana í giljunum og lét þá upp aftur þegar á malarrandana kom sem upp úr stóðu og af hafði skafið. En ég fann fljótt að á þessu mundi ég þreytast um of, því löng var leiðin framundan, og Þórudalurinn enn verri yfirferðar vegna hinna djúpu gilja með stuttu millibili.

Nú tók ég það ráð að skilja eftir baggana á melkoll og brjótast áfram með hestinn. Svona braust ég yfir heiðina úr Brúðardal. En þá tók ekki betra við, því þar sem Brúðardalsá og Þórudalsá mætast hafði stífla myndast svo myndarleg að flætt hafði yfir veginn og var sem hafsjór yfir að líta.

Ætlaði ég þá að reyna að komast þarna á ís yfir, en hann brast á miðri leið undir hestinum. Var ég lengi að bisa við að ná Rauð upp úr. Tókst það að lokum og svo útleiknir héldum við ferðinni áfram út Þórudal, en mikið langaði mig að sofna, þegar við vorum að brjótast yfir gilin. En ef ég hefði sofnað, hefði dauðinn verið vís, því ég var blautur upp í mitti, og síðar var mér sagt, að þessa nótt hefði verið 12 stiga frost.

Um klukkan 3 um nóttina komst ég að Arnhólsstöðum og urðum við Rauður þá báðir hvíldinni fegnir. En oft hef ég hugsað um það, hvílík Drottins vernd og handleiðsla það var, að ég skyldi komast til bæja svo þreyttur og úrvinda eins og ég var.

Um morguninn fór ég út að Vaði. Var þá veður gott. Björn varð fár við og kenndi um slóðaslap mínum.

Afi minn hafði alla tíð sterkar taugar til æskuslóðanna og í ævisögu sinni segir hann meðal annars eftirfarandi um tilurð Breiðdælu:

Stefán Einarsson prófessor við John Hopkins University í Baltimore mun fyrst hafa fært það í tal að gaman hefði verið að gefa út sögu Breiðdals, átti ég svo tal um þetta við ýmsa, sérstaklega þá bræðrasyni mína, Helga Gunnlaugsson trésmíðameistara, og Sigurð Þorvarðarson kaupmann. Við röbbuðum saman um þetta fram og aftur, og ég skrifaðist á við Stefán frænda. Varð sú niðurstaðan, að við ákváðum að gefa út bókina og verða kostnaðarmenn hennar, skipta jafnt með okkur gróða - eða tapi, ef svo vildi verkast. Stefán lofaði að leggja til ritgerð um byggðarsögu Breiðdals og bentu okkur á að taka í bókina „Í Breiðdal fyrir 60 árum“, mjög ítarlega og fróðlega grein eftir Árna Sigurðsson, gamlan Breiðdæling, sem fluttist til Vesturheims 1892, en var fæddur og uppalinn í Breiðdal. Líka lét Stefán okkur í té mjög fróðlega grein: „Breiðdælir fyrir vestan haf“.

Þeir Sigurður og Helgi tókust á hendur að afla mynda í bókina úr Breiðdal, en ég tókst á hendur að tína saman annað efni og leitaði þar til ýmsra Breiðdælinga, svo sem bókinn ber með sér. Hægt og bitandi var að þessu unnið, og árið 1943 fengum við sent frá Stefáni að vestan fyrsta handritið í bókina „Landnáms- og byggðarsaga Breiðdals“ og samtímis fengum við frá honum sent ljósmyndað handrit af ritgerð Árna

*Sigurðssonar. Talsverðir snúningar voru við það að smala saman efni í bókina og misjafnir urðu dómur um það, hvernig það hefði tekizt. En út komst bókin haustið 1948.*

*Ég bað Benedikt Sveinsson, fyrrv. alþingismann, að lesa prófarkir og varð hann góðfúslega við þeirri beiðni minni. Hann leysti það starf prýðilega af hendi og var mjög sanngjarn með þóknun, því þetta var mikið starf. Bókin varð 330 bls, að stærð og hann las þrjár prófarkir af hverri örk.*

*Útgáfukostnaður varð mikill, prentun, bókband, útsending, myndamót og fl. Þó tók enginn neitt fyrir vinnu sína.*

*Ég hafði ánægju af að geta stuðlað að útgáfu þessarar bókar um blessaðan Breiðdalinn minn.*

Endurminningum afa míns fylgir ættartala hans sem séra Einar Jónsson á Hofi í Vopnafirði tók saman, og eins afrit af mörgum bréfum sem honum bárust, meðal annars frá hinum merka spekingi Brynjúlfi Jónssyni frá Minna-Núpi.

Meðal margra forvitnilegra bréfa í þessu safni er eitt frá ungum pilti sem skrifaði Jóni bréf árið 1915 frá heimili sínu að Efri-Brú í Grímsnesi, og bað hann um að birta eftir sig nokkur ljóð sem hann hafði þá þegar ort. Sá hét Tómas Guðmundsson og var þá aðeins fjórtán ára.

Afi minn ferðaðist mikið um landið vegna útgáfustarfa sinna. Um það bil aldarfjórðungi eftir að hann hvarf frá Austurlandi og fór til náms í Noregi heimsótti hann loksins Breiðdalinn á ný og fór þá að Krossgerði og svo að Brekkuborg í Breiðdal, en um þá heimsókn segir hann í ævisögunni:

*„Ég hafði ásett mér að gista einmitt þar, á æskustöðvum mínum, þar sem ég hafði lifað í Paradís hinnar sorga- áhyggjulausu barnæsku. Nú voru 27 ár síðan ég hafði komið þar síðast. Allan tímann var hin unaðslegasta sumarblíða og heiður himinn. Sá ég því æskustöðvar mínar í hinum fegursta sumarskrúða.“*

Mér finnst gott að skilja hér við afa minn í þeirri björtu endurminningu.

*Anna Kristín Brynjúlfsdóttir, ágúst 2016*



1 Tóftirnar á Grundarstekk



2 Foreldrar Jóns Helgasonar



3 Brekkuborg



4 Fósta Jóns Helgasonar, Guðrún Jónsdóttir



5 Jón Helgason fimmtugur